

REGLUR

fjármála- og efnahagsráðuneytis um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur reglna þessara er að tryggja að meðferð innherjaupplýsinga í fjármála- og efnahagsráðuneytinu sé í samræmi við lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaði. Reglunum er ætlað að taka til meðferðar starfsmanna ráðuneytisins á innherjaupplýsingum og stuðla þannig að því að viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga séu trúverðug og koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra eða óeðlileg hagsmunatengsl.

2. gr.

Orðskýringar.

Skilgreiningar á hugtakinu innherji skv. 121. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, eru eftirfarandi:

1. Fruminnherji, þ.e. aðili sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga.

2. Tímabundinn innherji, þ.e. aðili sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna.

3. Annar innherji, þ.e. aðili sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

3. gr.

Gildissvið.

Reglurnar taka til meðferðar starfsmanna fjármála- og efnahagsráðuneytis á innherjaupplýsingum sem þeir búa yfir eða verða áskynja um í starfi sínu. Þá taka þær til fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi og tengdra fjármálagerninga, t.d. afleiða.

Reglurnar taka til ráðherra, aðstoðarmanna hans, ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og annarra starfsmanna fjármála- og efnahagsráðuneytis, í reglum þessum nefndir starfsmenn.

II. KAFLI

Staða og hlutverk regluvarðar.

4. gr.

Ábyrgð ráðuneytisstjóra og staða regluvarðar.

Ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum þessum sé fylgt. Regluvörður hefur umsjón með framkvæmd reglnanna.

Regluvörður og staðgengill hans skulu starfa á lögfræðisviði fjármála- og efnahagsráðuneytis.

5. gr.

Hlutverk regluvarðar.

Regluvörður skal búa yfir fullnægjandi þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum.

Regluvörður skal hafa ótakmarkaðan aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem nauðsynlegar eru til að hann geti sinnt starfi sínu. Það er regluvarðar að leggja mat á hvaða upplýsingar og gögn það eru hverju sinni.

Hlutverk regluvarðar er meðal annars:

- a. Að veita álit á eðli upplýsinga með tilliti til skilgreiningar á hugtakinu innherjaupplýsingar.
- b. Að hafa yfirsýn yfir meðferð innherjaupplýsinga.
- c. Að halda innherjalista, þ.e. lista yfir þá starfsmenn sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum, eftir því sem við verður komið.
- d. Að veita álit á því hvort upplýsingar séu þess eðlis að þær teljist til innherjarupplýsinga.
- e. Að tilkynna um réttarstöðu til starfsmanna sem fara á lista yfir innherja.
- f. Að tilkynna til starfsmanna þegar þeir eru teknir af innherjalista ráðuneytisins.
- g. Að hafa umsjón með samskiptum fyrir hönd ráðuneytisins við Fjármálaeftirlitið vegna innherjalista.
- h. Að sjá um fræðslu til starfsmanna um lög og reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Um viðskipti regluvarðar með fjármálagerninga gilda sömu reglur og um starfsmenn ráðuneytisins. Regluvörður skal tilkynna ráðuneytisstjóra um viðskipti sín fyrirfram og halda sérstakt yfirlit yfir þau.

Regluverði ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um hugsanleg brot gegn ákvæðum reglnanna.

III. KAFLI

Meðferð innherja- og trúnaðarupplýsinga.

6. gr.

Innherjaupplýsingar.

Með innherjaupplýsingum í reglum þessum er átt við nægilega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar, varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, sbr. 120. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, sbr. einnig 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik.

Innherjaupplýsingar sem geta legið fyrir í fjármála- og efnahagsráðuneytinu geta m.a. verið:

- a. Vitneskja um útboð ríkisskuldabréfa.
- b. Staða ríkisfjármála og afkoma ríkissjóðs.
- c. Efni fyrirhugaðs fjárlagafrumvarps.
- d. Efni annarra fyrirhugaðra lagafrumvarpa.
- e. Vitneskja um málefni einstakra fjármálastofnana.
- f. Vitneskja um aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum.
- g. Aðrar upplýsingar sem geta haft verðmyndandi áhrif á markaði.

7. gr.

Almennt um meðferð og eftirlit innherjaupplýsinga.

Starfsmönnum fjármála- og efnahagsráðuneytis ber að gera regluverði tímanlega grein fyrir upplýsingum sem hugsanlega geta talist til innherjaupplýsinga. Regluvörður skal meta hvort upplýsingar séu þess eðlis að þær teljist til innherjaupplýsinga. Regluvörður ákveður hvernig farið sé með upplýsingar leiki vafi á því hvort þær teljist til innherjaupplýsinga og hvort heimilt sé að láta þær þriðja aðila í té, þ.m.t. innan ráðuneytisins.

Starfsmenn skulu sýna fyllstu gætni við meðferð innherjaupplýsinga svo sem við vistun upplýsinga, afhendingu þeirra, ljósritun, tölvuskráningu, upplagningu og förgun. Þegar um viðkvæmar upplýsingar er að ræða skal takmarka aðgang að þeim við hlutaðeigandi starfsmenn.

Starfsmönnum sem teljast innherjar, þ.e. þeim sem búa yfir eða hafa aðgang að innherjaupplýsingum, er óheimilt:

- a. Að nýta sér innherjaupplýsingar, til viðskipta með fjármálagerninga beint eða óbeint.
- b. Að láta þriðja aðila í té innherjaupplýsingarnar nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starfsskyldur þess sem upplýsingarnar veitir. Viðtakandi upplýsinganna skal áminntur um þagnarskyldu sína.
- c. Að ráðleggja þriðja aðila, t.d. fjölskyldu eða vinum, á grundvelli innherjaupplýsinganna að stunda viðskipti með fjármálagerninga.

Starfsmenn bera ábyrgð á framfylgd reglna þessara við meðhöndlun og meðferð innherjaupplýsinga.

8. gr.

Viðskipti með fjármálagerninga.

Starfsmenn bera ábyrgð á því að reglunum sé fylgt í viðskiptum þeirra með fjármálagerninga og ber þeim að tilkynna regluverði hyggist þeir eiga viðskipti með skráða fjármálagerninga og fá samþykki hans fyrir viðskiptunum. Áður en starfsmaður á viðskipti með fjármálagerninga ber honum að ganga úr skugga um að hann hafi ekki aðgang að innherjaupplýsingum um þá fjármálagerninga. Starfsmenn bera ábyrgð á eigin viðskiptum þrátt fyrir að regluvörður hafi tekið afstöðu til þeirra.

Viðskipti aðila með verðbréf sem tengd eru öflun eða sölu eigin húsnæðis og eru í eðlilegu framhaldi af slíkum viðskiptum eru undanþegin tilkynningarskyldu til regluvarðar.

9. gr.

Aðrar trúnaðarupplýsingar.

Ákvæði þessa kafla gilda jafnframt um gjaldeyrisviðskipti eftir því sem við á, þó ekki um kaup á gjaldeyri til greiðslu fyrir vörur eða þjónustu eða vegna ferðalaga til útlanda eða sölu gjaldeyris vegna hins sama.

Að öðru leyti gildir hin almenna þagnarskylda sem hvílir á starfsmönnum samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

IV. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

10. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglum þessum geta varðað við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Brot gegn reglum þessum geta eftir atvikum varðað við ákvæði laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, nánar tiltekið XIII. kafla um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, sbr. einkum 117. gr. um markaðsmisnotkun og 123. gr. um innherjasvik, sbr. og 146. gr. sömu laga.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 2. mgr. 130. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og með hliðsjón af reglum nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

Reglur þessar öðlast gildi þann 16. janúar 2015.

Reykjavík, 16. janúar 2015

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Árnason